

Fundargerð 341. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2011, föstudaginn 7. október kl. 10:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Már Sveinbjörnsson, og í símasambandi voru Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Örn Ólafsson og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 340. fundar - 1101001HA

Lögð fram fundargerð 340. fundar frá 19. ágúst 2011 til staðfestingar.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð af viðstöddum fundarmönnum.

2. Menntunarmál hafnastarfsmanna - 1110001HA

Lögð fram hugmynd Magnúsar B. Jónssonar, sveitarstjóra í Sveitarfélaginu Skagaströnd, um menntunarmál hafnastarfsmanna dags. 19. september 2011.

Samþykkt var að afla upplýsinga um fjölda starfsmanna í hverri aðildarhöfn hafnasambandsins og hvernig þeir skiptast á mismunandi starfsheiti. Jafnframt var samþykkt að kanna þörf og áhuga á námskeiðum fyrir hafnastarfmenn og á hvaða sviði þau ættu að vera.

3. Umhverfisstefna hafna - 1110002HA

Rædd tillaga um að hafnasambandið láti gera rammafyrirmynd að umhverfisstefnu hafna.

Samþykkt var að fela umhverfisnefnd hafnasambandsins að kanna hjá Verkfræðistofunni EFLU kostnað við að gera fyrirmyndir að umhverfisstefnum fyrir minni og stærri hafnir, sem þær hafnir sem vildu setja sér umhverfisstefnu gætu notað við þá vinnu.

4. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Gerð grein fyrir stöðu vinnu við endurskoðun hafnalaga.

Formaður greindi frá stöðu vinnu við endurskoðun hafnalaga og stjórnarmenn reifuðu ýmsar hugmyndir og athugasemdir, sem fulltrúar hafnasambandsins í endurskoðunarnefndinni munu vinna úr.

5. Ímynd og mikilvægi hafna - 1110003HA

Formaður ræddi hugmynd um kynningarátak um ímynd og mikilvægi hafna til áminningar fyrir almenning og fyrirtæki.

Umræðu og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

6. Fundaáætlun - 1101001HA

Lögð fram tillaga að tímasetningum stjórnarfunda fram að hafnasambandsþingi í september 2012.

Fundaáætlunin var samþykkt með smávægilegri breytingu.

7. Vigtun sjávarafla - 0901002HA

Björn Arnaldsson ræddi verkefni tengd vigtun sjávarafla og um samskipti við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti í því sambandi.

Starfsmanni falið að kanna málið.

8. Ábyrgðartryggingar hafna - 1110004HA

Guðný Sverrisdóttir ræddi um ábyrgð og tryggingar hafna og hve langt þær nái.

Formaður greindi frá því að tekin hafi verið saman minnispunktar um tryggingamál fyrir nokkrum árum og verður málið skoðað með hliðsjón af því. Samþykkt að taka málið fyrir á næsta fundi.

Fundi var slitið kl. 11:10.

Gísli Gíslason

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Ólafur Örn Ólafsson

Björn Arnaldsson

ritari